

AUGLÝSING UM FRAMBOÐ TIL KIRKJUÞINGS



Á grundvelli 11. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings, nr. 8/2021 auglýsir kjörstjórn þjóðkirkjunnar eftir framboðum til kirkjuþings.

Á kirkjuþingi eiga sæti 29 þjóðkirkjumenn kjörnir til fjögurra ára í senn. eru 12 þeirra úr hópi vígðra manna, þ.e. presta og djákna og 17 leikmenn.

Um kirkjuþing sjá nánar: www.kirkjan.is/kirkjuþing

Kjörgengur til kirkjuþings er:

- hver vígður maður sem á kosningarrétt skv. 3. gr. starfsreglna nr. 8/2021,
- hver leikmaður sem hefur hlotið skírni í nafni heilagrar þrenningar, skráður er í íslensku þjóðkirkjuna, og hefur náð 18 ára aldri og hefur meðmæli sinnar sóknarnefndar.

Hver sá sem fullnægir þessum skilyrðum skal og hafa óflekkað mannorð. sbr. nánar 2.-3. mgr. 7. gr. reglnanna. Kjörgengisskilyrði skulu vera uppfyllt 1. apríl 2022.

Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til kirkjuþings skulu hafa tilkynnt kjörstjórn framboð sitt skriflega, **eigi síðar en 15. mars 2022**. Tilkynningu um framboð skal senda til biskupsstofu, Katrínartúni 4, Reykjavík, eða í tölvupósti á netfangið kirkjan@kirkjan.is. Æskilegt er að ljósmynd fylgi.

Nánari upplýsingar veitir:

Ragnhildur Benediktsdóttir, starfsmaður kjörstjórnar, ragnhildurbe@kirkjan.is.

Kjörstjórn getur óskað eftir því að sá sem hyggst bjóða sig fram framvísi staðfestingu um kjörgengi eða gefi kjörstjórn heimild til að afla gagna er sýni kjörgengi hans.

Ef ekki berast nægilega mörg framboð, sbr. 11. gr. starfsreglnanna, skal kjörstjórn svo fljótt sem auðið er gera uppstillingarnefnd kirkjunnar viðvart. Skal uppstillingarnefnd tilnefna þá frambjóðendur sem á vantar. Skal sú tilnefning hafa borist kjörstjórn **eigi síðar en 31. mars nk.**, ásamt samþykki hlutaðeigandi.

Kosningarnar verða rafrænar og er miðað við að þær standi frá kl. 12:00 fimmtudaginn 12. maí 2022 til kl. 12:00 þriðjudaginn 17. maí sama ár. Kosningarnar verða nánar auglýstar síðar.

Fyrir hönd kjörstjórnar
Anna M. Karlsdóttir, formaður